

Ár 2014, miðvikudaginn 30. apríl kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Elínborg M. Ólafsdóttir í forföllum Eyþórs H. Ólafssonar og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Innanríkisráðuneytinu frá 2. apríl 2014.

Í bréfinu er kynnt endurskoðun á áætlunum um úthlutanir einstaka framlaga úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Hækkun á framlögum til Hveragerðisbæjar frá fyrri áætlun vegna ársins 2014 í þús.kr er sem hér segir:

Útgjaldajöfnunarframlag var 126.682.- en verður 137.184.-

Framlag til rekstur grunnskóla var 47.403.- en verður 61.810.-

Framlag vegna jöfnunar fasteignaskatts var 40.156.- en verður 41.664.-

Lagt fram til kynningar.

1.2. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu frá 15. apríl 2014.

Í bréfinu er kynnt úthlutun styrkja frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Hveragerðisbær fékk úthlutað 2 milj. kr til verkefnisins „Reykjadalur – aðkoma og bílaplan“.

Lagt fram til kynningar.

1.3. Lánasjóði sveitarfélaga ohf frá 2. apríl 2014.

Í bréfinu er kynnt úthlutun arðs til hluthafa.

Hveragerðisbær fær kr 3.437.- þús. kr í arð.

Lagt fram til kynningar.

1.4. Vinnumálastofnun frá 22. apríl 2014.

Í bréfinu er kynnt átaksverkefni til að fjölga tímabundnum störfum fyrir námsmenn í sumar.

Bæjarráð felur umhverfisfulltrúa og menningar og frístundafulltrúa

að sækja um svo mögulegt sé að ráða í stöður sem fallið geta undir skilmála Vinnumálastofnunar í sumar.

1.5. **Umhverfisstofnun frá 14. apríl 2014.**

Í bréfinu er óskað eftir umsögn vegna áætlunar til þriggja ára um refaveiðar.

Lagt fram til kynningar.

1.6. **Héraðssambandinu Skarphéðni frá 31. mars 2014.**

Í bréfinu eru tillögur frá sambandinu sem samþykktar voru á héraðsþingi sambandsins sem haldið var á Borg í Grímsnesi 8. mars sl.

Lagt fram til kynningar.

1.7. **Félagi eldri borgara í Hveragerði frá 25. apríl 2014.**

Í bréfinu óskar félag eldri borgara í Hveragerði eftir að stofnað verði Öldungaráð í Hveragerði sem aðeins væri skipað eldri borgurum. Óskar félagið eftir viðræðum eftir kosningar við bæjaryfirvöld vegna þessa.

Bæjarráð samþykkir að verða við erindinu og munu viðræður fara fram fljótlega eftir kosningar.

1.8. **Orlofsnefnd húsmæðra frá 22. apríl 2014.**

Með bréfinu fylgdi skýrsla og ársreikningur orlofs húsmæðra frá árinu 2013, ásamt reikningi fyrir framlagi Hveragerðisbæjar fyrir árið 2014 kr. 241.022,-

Bæjarráð ítrekar fyrri bókanir sínar vegna þessa máls og lýsir enn og aftur furðu sinni á þeirri tregðu löggjafarvaldsins að afnema lög um húsmæðraorlof sem að flestra mati eru fullkomlega úr takti við nútímann og ekki síður á skjön við gildandi lög um jafnrétti kynjanna.

1.9. **Greinargerð frá Náttúran er ehf síðan frá 14. apríl 2014.**

Greinargerðin er fylgiblað með umsókn um styrk frá Hveragerðisbæ að fjárhæð kr. 500.000.-

Bæjarráð vísar erindinu til gerðar fjárhagsáætlunar en felur jafnframt bæjarstjóra að afla frekari upplýsinga um verkefnið hjá bréfitara og hvernig það getur nýst Hveragerðisbæ.

1.10. **Ólafi Högnasyni frá 27. apríl 2014.**

Í bréfinu ræðir Ólafur um gangstétt á gatnamótum Þelamerkur 59 og Grænumörk.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að svara erindinu en jafnframt verði lagfæringar gerðar í samræmi við óskir bréfitara samhliða malbikunarframkvæmdum sumarsins.

1.11. Guðfinnu Ýr Sumarliðadóttur frá 20. apríl 2014.

Í bréfinu ræðir Guðfinna Ýr um fyrirkomulag á móttöku umsókna um leikskólapláss í Hveragerði.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að endurskoða reglur um innritun og gjöld í leikskólum Hveragerðisbæjar með tilliti til þeirra tillagna sem fram koma í erindi bréfitara.

2. Tæknileg málefni:**2.1. Umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands v/ undanþágubeiðni OR um brennisteinsvetni frá 22. apríl 2014.**

Lögð fram umsögn HES um umsókn Orkuveitu Reykjavíkur um undanþágu frá hertum ákvæðum reglugerðar nr. 514/2010.

Umsögnin er lögð fram samkvæmt ósk bæjarráðs á síðasta fundi.

Bæjarráð fordæmir að Heilbrigðiseftirlit Suðurlands(HES) skuli gefa jákvæða umsögn um tímabundna undanþágu frá hertum ákvæðum í reglugerð 514/2010 um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti.

Bæjarráð vekur athygli á að sambærilegar stofnanir á höfuðborgarsvæðinu hafa ítrekað mótmælt þeirri mengun sem nú berst yfir höfuðborgarsvæðið enda er hún heldur meiri þar miðað við mælingar en reyndin er hér fyrir austan fjall.

Bæjarráð undrast þau vinnubrögð að umsögn HES skuli vera falin í fundargerð en ekki skýrt greint frá afstöðu embættisins og íbúar þannig upplýstir um afstöðu HES. Með slíkum vinnubrögðum er alið á tortryggni og upplýsingaskylda embættisins að engu höfð.

Það vekur reyndar furðu að bréfið til ráðuneytisins skuli vera dagsett 11. mars en fundur stjórnar HES þar sem málið er til umræðu er haldinn 14. mars 2014. Vekur sú staðreynd spurningar um það hvort að stjórn hafi yfirleitt nokkuð haft um málið að segja.

Bæjarráð Hveragerðisbæjar furðar sig á því að forsvarsmenn Orkuveitu Reykjavíkur skuli ekki fyrir löngu hafa nýtt sér þær lausnir til mengunarvarna sem vitað er að virka og hafa verið nýttar annars staðar. Vonandi mun tilraunaverkefni um niðurdælingu gefa góða raun en á meðan eru íbúar austustu byggða höfuðborgarsvæðisins og íbúar fyrir austan fjall leiksoppar tilraunaverkefnis sem heitir Hellisheiðarvirkjun en berlega hefur komið í ljós að þar var farið af stað meira af kappi en forsjá.

Um það eru flestir sammála í dag.

2.2. SASS – Húsnæðismál á Suðurlandi – niðurstaða könnunar frá mars 2014.

Lögð fram niðurstaða könnunar sem SASS gerði um húsnæðismál á

Suðurlandi í mars 2014.

Lagt fram til kynningar.

3. Verkfundargerðir:

3.1. Hveragerði – Gatnagerð 2014 frá 11. og 28. apríl 2014.

Fundargerðirnar samþykktar.

4. Fundargerðir til kynningar:

4.1. Vorfundur þjónustusvæðis v/ málefna fatlaðs fólks frá 2. apríl 2014.

4.2. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 10. apríl 2014.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:59

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign.)

Elínborg Ólafsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)